



### Lokaskýrsla um flugslys

Mál nr.: **2016-055F013**

Dagsetning: **4. júní 2016**

Staðsetning: **Úlfarsárdal**

Atvik: **Hreyfill missti afl**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

---

## 1. HELSTU STAÐREYNDIR

Staður og tími	
Staðsetning:	Úlfarsárdal, ofan Reykjavíkur
Dagsetning:	4. júní 2016
Tími <sup>1</sup> :	10:32

Lofftar	
Tegund:	Kitfox 4-1200
Skrásetning:	TF-200
Framleiðsluár:	2013
Raðnúmer:	1784
Hreyflar:	Einn, Rotax 912 bulluhreyfill
Flughæfnisskírteini:	Í gildi

Aðrar upplýsingar	
Tegund flugs:	Einkaflug
Fjöldi um borð:	Tveir
Meiðsl:	Farþegi slasaðist á höfði
Skemmdir:	Talsverðar
Atvikslýsing:	Hreyfill missti afl og nauðlent var á túni

Flugmaður									
Aldur:	53 ára								
Skírteini:	Handhafi gilds fisskírteinis, útgefna af Flugmálastjórn Íslands								
Áritanir:	Þriggja ása stjórnun								
Heilbrigðisvottorð:	Í gildi								
Reynsla:	<table><tbody><tr><td>Heildartími:</td><td>Um 880 stundir</td></tr><tr><td>Heildartími á tegund:</td><td>Um 300 stundir</td></tr><tr><td>Síðustu 90 dagar:</td><td>5:15 stundir</td></tr><tr><td>Síðustu 24 tímar:</td><td>2:55 stundir</td></tr></tbody></table>	Heildartími:	Um 880 stundir	Heildartími á tegund:	Um 300 stundir	Síðustu 90 dagar:	5:15 stundir	Síðustu 24 tímar:	2:55 stundir
Heildartími:	Um 880 stundir								
Heildartími á tegund:	Um 300 stundir								
Síðustu 90 dagar:	5:15 stundir								
Síðustu 24 tímar:	2:55 stundir								

<sup>1</sup> Allir tímar í skýrslunni eru staðartími ef annað er ekki tekið fram

Fisflugmaður ásamt farþega voru á flugi á fisi TF-200 (Kitfox 4) í Úlfarsárdal þegar hreyfill



missti afl og stöðvaðist. Í kjölfarið hugðist fisflugmaðurinn nauðlenda fisinu á túni við bóndabæ í dalnum. Í lendingunni flæktist girðingarvír í hægra aðalhjólí fissins og hafnaði það í kjölfarið á hvolfi (sjá mynd 1).

**Mynd 1: Fis TF-200 á hvolfi á slysstað**

Í ljós kom að skipt hafði verið um eldsneytisleiðslur og hreyfil um tveimur mánuðum fyrir atvikið. Einnig höfðu vængirnir verið teknir út daginn fyrir atvikið og festir í læstri stöðu, en þeir eru lagðir aftur með skrokk fissins til þess að koma því fyrir í litlu skýli. Aðgerðin, þegar vængirnir eru teknir út, krefst aðgæslu vegna hlífa sem leggjast að framrúðunni, tenginga í hallastýri og vængbörð og síðast en ekki síst vegna leiðsla sem liggja í gegnum vængrótina. Til þessara leiðsla teljast loftslanga frá stemmuröri<sup>2</sup> í væng, eldsneytisleiðslur úr báðum eldsneytisgeymum í vængjum, sem og öndunarleiðslur úr báðum eldsneytisgeymum í vængjum.

Við vettvangsrannsóknina kom í ljós að eldsneytisleiðsla úr hægri eldsneytisgeymi var klemmd saman við vængrótina vegna rangs frágangs og því var lokað fyrir flæði eldsneytis úr hægri vænggeymi (sjá mynd 2). Hægri eldsneytiskrani fissins var opinn, en sá vinstri var lokaður. Af þessum sökum fékk hreyfill fissins aðeins eldsneyti úr litlum safngeymi sem eldsneyti rennur í úr vænggeymum ef opið er fyrir annan hvorn eða báða eldsneytiskranana. Þegar eldsneytið í safngeyminum þraut, eftir um 40 mínútna flug, missti hreyfillinn afl.

---

<sup>2</sup> Pitot tube



**Mynd 2: Klemmd eldsneytisleiðsla í hægri vængrót**

RNSA hefur áður gefið út skýrslu í tengslum við ófullnægjandi frágang við eldsneytiskerfi fissa, en var það vegna banaslyss er varð á físi TF-303 þann 20. október 2012 í grennd við físlflugvöllinn Sléttuna á Reykjanesi. Í kjölfarið á því flugslysi gaf RNSA út skýrslu þar sem ein tillagan í öryggisátt, sem snéri að Samgöngustofu, hljóðaði svo:

*„Auknar kröfur verði gerðar um þekkingu og vinnubrögð þeirra sem vinna að samsetningu sem og viðhaldi físa.“*

Viðbrögð Samgöngustofu við tillögunni var að hefja, í samvinnu við Físfélag Reykjavíkur og Sléttuna, vinnu við endurskoðun á samþykktum handbókum fyrir físfélögin. Að auki gat Samgöngustofa þess að ferli stofnunarinnar við samþykktir á handbókum væri til endurskoðunar og vonaðist til þess að sú vinna kláraðist fyrir vorið 2016. Rannsóknin leiddi í ljós að þessari vinnu er ekki lokið.

## 2. TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT

2016-055F013 T01

RNSA ítrekar fyrri tillögu sína frá 17. september 2014 til Samgöngustofu úr skýrslu vegna flugslyss á físi TF-303, er varð þann 20. október 2012, um að „*auknar kröfur verði gerðar um þekkingu og vinnubrögð þeirra sem vinna að samsetningu sem og viðhaldi físa.*“

Skýrsluna samþykkja:

- Geirprúður Alfreðsdóttir, formaður
- Bryndís Lára Torfadóttir, nefndarmaður
- Gestur Gunnarsson, nefndarmaður
- Tómas Davíð Þorsteinsson, varamaður

*Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa*

*Ragnar Guðmundsson  
stjórnandi rannsóknar*

*Reykjavík, 22. júní 2017*